

Mál nr. 184/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

### Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 29. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. júní 2022, ásamt tjónstilkynningu M til V.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 5. júlí 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 19. júlí 2022, ásamt afriti af tölvupósti M til V dags. 27. maí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var við æfingar í líkamsræktarstöð X um kl. 19 hinn 19. október 2021 þegar hann kveðst hafa slasast þegar annar kapall svokallaðs „cable crossover“ tækis slitnaði með þeim afleiðingum að M féll við. M leitaði samdægurs til læknis og var þar greindur með bátsbeinsbrot og lýsir einnig bakeinkennum sem hann tengir við slysið hinn 28. október 2021.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans vegna vanbúnaðar sem hafi verið á tæki í líkamsræktarsal X og þannig hafi X ekki farið eftir fyrirmælum sem komi fram í 54. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 þar sem komi fram að rekstri starfsemi eins og X hafi með höndum skuli háttað á þann veg að heilsa og öryggi þeirra sem þangað koma sé sem best tryggð. Einnig bendir M á að X sé skylt að fylgjast með tækjabúnaði sínum með reglulegum sem og að skrá úrbætur í ljósi þess að fjöldi fólks sækir líkamsræktarstöð X. M telur að X eigi að bera hallann af því að hafa ekki skráð atvikið sérstaklega, ekki tryggt að myndbandsupptökur væru í gangi eða önnur gögn tryggð. Ekki hafi heldur verið gerður reki að því að fá hlutlausa aðila til að skoða umrætt tæki eftir atvikið og ekki liggi fyrir hvenær það var síðast yfirfarið af hálfu starfsmanna X. M bendir einnig á dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-5604/2021 þar sem stefndi var látinn bera hallann af því að hafa ekki hlutast til um að afla gagna eftir sambærilegt slys.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til upplýsinga frá X um að tækið sem M slasaðist við hafi verið viðhaldið með góðum hætti og alltaf sé skipt um kapla um leið og það sjáist á þeim og síðast hafi það verið gert í umræddu tæki einu eða tveimur árum fyrir óhappið. V telur ljóst að endingartími víra sé umtalsvert lengri en tvö ár og þannig hefði hann slitnað óvænt hjá M. V bendir einnig á að starfsmenn X noti tæki líkamsræktarsalarins á hverjum degi í störfum sínum og verði þannig strax varir við ef eitthvað er ekki í lagi. V telur ósannað að frekari rannsóknir hefðu getað leitt í ljós hvernig ástand vírsins var fyrir slysið og ekki hafi verið leitt að því líkur að slys M megi rekja til vanbúnaðar, heldur verði að telja það óhappatilvik sem X beri ekki skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ágreiningur M og V snýst að nokkru leyti um hvernig ástand tiltekins líkamsræktartækis hafi verið þegar vír í því slitnaði og hvort megi rekja líkamstjón M vegna þess að vírinn slitnaði til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Við mat á því verður að líta til þess að M var þegar hann hlaut líkamstjón að sækja sér þjónustu sem X veitir gegn gjaldi. Umtalsverður fjöldi fólks notar líkamsræktartæki X á hverjum degi og þau er í þessu tilviki hægt að nota án þess að starfsmaður X kanni ástand þess í hvert skipti sem það er notað. Í ljósi þess að X rekur starfsemi þar sem vænta má fjölda fólks verða sérstaklega ríkar kröfur gerðar til X að varanlegur búnaður sé öruggur, líkt og ríkar kröfur eru gerðar skv. dómaframkvæmd til fasteignareiganda varðandi búnað fasteignar þegar um þjónustuhúsnæði eða verslunarhúsnæði er að ræða.

Þegar X fékk upplýsingar um að vír hefði slitnað í umræddu tæki tryggði X sér ekki sönnun um ástand tækisins almennt, auk þess sem X hefur ekki getað upplýst með skýrum hætti hvenær skipt var síðast um vír í tækinu og hver líftími víra er í svona tækjum. Þess vegna verður X að bera hallann af skorti á upplýsingum hvenær viðhaldi tækisins hafi verið sinnt. Ekki liggur heldur fyrir hvenær tækið var síðast

yfirfarið af starfsmönnum X með reglubundnum hætti, en það stendur X nær að sýna fram á hvernig slíkir ferlar eru hjá fyrirtækinu.

Með hliðsjón af þessu verður að líta svo á að M hafi leitt nægar líkur að því að vör hafi slitnað í því líkamsræktartæki sem hann var að nota vegna þess að eftirlit með tækinu, af hálfu X, hafi verið ábótavant. Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu X sem sýna hvenær reglulegt eftirlit með tækjum fer fram og hvenær nákvæmlega því var sinnt hvað það tæki varðar sem M slasaðist við. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V, en ekkert liggur fyrir um að M hafi sjálfur sýnt gáleysi við notkun tækisins þannig að hann beri meðábyrgð vegna tjóns síns. Niðurstaða nefndarinnar lýtur eingöngu að bótaskyldu en felur ekki í sér niðurstöðu um umfang mögulegs líkamstjóns M.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir